Brestir í hömlum

S3 í erfðarmálum, dómaprófum og bundnu máli

Ásgrímur Angantýsson, Iris Edda Nowenstein
og Höskuldur Þráinsson

ÍSLENSKU- OG
MENNINGARDEILD

Skipulag

- Markmið
- Bakgrunnur
- S3 í vesturíslensku
- S3 í heimaíslensku
- ≥ S3 í barnagælum
- Umræða

Markmið

- Að reyna að átta sig betur á því hvað frávik frá hinni svokölluðu S2-hömlu (*V2-constraint*) geta sagt okkur um eðli hennar.
- Að skoða hvað rannsóknir á S2-hömlunni geta sagt okkur um ólíkar rannsóknaraðferðir.
- Að athuga hvað frávik frá S2 geta sagt okkur um eðli hennar – og um máltöku barna.

Bakgrunnur

Daninn Diderichsen (1946, 1966) var á undan den Besten (1977) og Koster (1975) í því að lýsa S2 á formlegan hátt:

Málfræði Diderichsens	*F*	*v*	*n*	*a*	*V*	*N*
Generatíf málfræði	*COMP*	*V*	*NP*	*ADVP*	*V*	*NP*
a	Ég	**keypti**	--	ekki	--	bókina
b	Bókina	**keypti**	ég	ekki	--	--
c	Ég	**hef**	--	ekki	keypt	bókina
d	Bókina	**hef**	ég	ekki	keypt	--

Tafla 1: *Einfölduð útgáfa af skema Diderichsens og generatífum merkimiðum frá um 1980.*

Formlega hliðin

Upphaflega S2-trikkið:

- Það er bara eitt pláss á undan persónubeygðu sögninni í aðalsetningum (*Fundamentfelt (Vorfeld), COMP*). Þess vegna er sögnin í öðru sæti.

Endurskoðun Rizzis (1997) og fleiri:

- Nei, það eru nú fleiri pláss þarna, en þau hafa mismunandi hlutverk, t.d. þessi:



Þekktar undantekningar frá S2

Ýmsar S1-undantekningar – og svo líka S3 (sbr. t.d. Höskuld 1979, Zaenen 1980 og svo nýlegar greinar eftir Holmberg 2015, Jóhannes Gísla 2020, Ásgrím 2020 o.fl.):

(1) *S3 og eitthvað annað en frumlag fremst:*

a.	Þessi bók, ég **keypti** hana í Noregi.	(vinstri sveifla)
b.	Þessa bók, hana **keypti** ég í Noregi.	(andstæðusveifla)
c.	[Í gær] [um fimmleytið] [þegar ég kom heim úr vinnunni] **hitti** ég gamlan félaga.	(atviksliðastafli)
d.	Í fyrra (að) þá **komu** fáir ferðamenn til Íslands.	(XL-*þá*-formgerð)
e.	Kannski (að) hann **komi** á morgun.	(*kannski* + (að) og vh.)

Þekktar undantekningar frá S2

Samt ekki hvaða tveir liðir sem er á undan sögninni:

(2) a. *[Á virkum dögum] Jón **les** alltaf dagblöðin.
b. *[Á virkum dögum] [dagblöðin] **les** Jón alltaf

... og *kannski* + fh. er ekki eins og *kannski* + vh.:

(3) a. Kannski (*að) **kemur** hann á morgun.
b. *Kannski hann **kemur** á morgun.

Þekktar undantekningar frá S2

S3-atviksorð (-liðir) (sbr. t.d. Halldór Ármann 1986, og Höskuld 1986 o.s.frv.):

(4) *S3 með frumlagi fremst:*

a. Ég bara **keypti** bókina.

b. Hann einfaldlega **kann** ekkert.

c. Jón [meira aðsegja] **hlær** að þessu.

d. Hann einfaldlega bara **kann** ekkert.

Svipaðir liðir í sænsku og norsku (sbr. t.d. Brandtler & Håkansson 2017; Julien 2018; Lundquist 2018):

(5) *Svipuð dæmi í sænsku og norsku*

a. [Min dotter] bara **rörde** vid lejonet. (sænska)

b. De [rett og slett] bara **gjorde** et nytt forsøk. (norska)

Bráðabirgðaniðurstaða

Fyrir utan tiltölulega vel þekktar undantekningar virðist S2-hamlan býsna traust – og íslensk (og önnur) börn ná býsna fljótt tökum á henni (Sigríður 2005; Westergaard 2009).

Dæmi um "viðurkennda dóma":

(6) a. [Í dag] **er** kennarinn / *kennarinn **er** lasinn.
b. Strákurinn **gegnir** aldrei / *aldrei **gegnir** foreldrum sínum.

Óvæntar undantekningar

19% unglinga og 14% fullorðinna í könnun Joan Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002) töldu (7) eðlilega setningu (þetta var mat þeirra í *já/nei*-svörun):

(7) [Í dag] kennarinn **er** lasinn. (S3 með kjarnafærðan lið fremst)

Og (8) er auðvitað alþekkt lína úr kvæði fyrir börn:

(8) Gutti aldrei **gegnir** þessu. (S3 með frumlag fremst)

Hvað er í gangi?

S3 í nágrannalöndum

Í borgamállýskum í nálægum löndum (Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Þýskalandi) virðist S3 vera að færast í aukana (yfirlit hjá Freyvald o.fl. 2015, Walkden 2017).

Niðurstaða Walkdens:

- Fyrsti liður í þessum S3-dæmum er yfirleitt ekki rökliður (oftast atviksliður, sviðsetning í tíma eða rúmi) og síðan kemur frumlagið (oftast fornafn).
- Ástæðan fyrir þessari útbreiðslu S3 er fjöldi innflytjenda sem hefur ekki náð tökum á S3 og þannig verður meira S3-ílag í samfélaginu.

Önnur hugsanleg uppspretta S3

- Enska er ekki S2-mál (nema að mjög litlu leyti).

- S3 virðist nokkuð algeng í norrænum erfðarmálum í Vesturheimi (Eide & Hjelde 2015; Kühl & Jan Heegård Petersen 2018; Larsson & Johannessen 2015) – vesturíslenska þar með talin (Birna, Höskuldur og Iris 2018). Það eru væntanlega ensk áhrif, a.m.k. að hluta til.

- Er S3 kannski vaxandi í "heimaíslensku" fyrir áhrif frá ensku?

Spurningar sem við leituðum svara við

- Hvernig kemur S3 fram í vesturíslensku?
- Hvernig dóma fá S3-dæmi í heimaíslensku og hvers konar dæmi hafa verið skoðuð?
- Er eitthvað að marka þessa dóma?
- Eru einhver merki þess að S3 í heimaíslensku stafi af enskum áhrifum?
- Eru þau íslensku S3-dæmi sem besta dóma fá eitthvað lík germönsku borgarmállýskudæmunum?
- Eru kveðskapardæmin (sbr. Guttavísur) eitthvað lík germönsku borgarmállýskudæmunum?
- Eru kveðskapardæmin sérríslenskt fyrirbæri?
- **Hvers konar fyrirbæri er S2-hamlan?**

Vel þekktur munur á íslensku og ensku

1. Staða persónubeygðrar sagnar og tiltekinna atviksorða þegar frumlag er fremst:

(9) a. María talar alltaf/*alltaf talar íslensku við foreldra sína.
S2 / S3
'Mary **always speaks** Icelandic to her parents.'
b. María hefur alltaf/*alltaf hefur talað íslensku við þau.
S2 / S3
'Mary **has always** spoken Icelandic to them.'

2. Staða sagnar í kjarnafærslu:

(10) a. María talar íslensku við foreldra sína.
'Mary speaks Icelandic to her parents.'
b. Við foreldra sína **talar María** / ***María talar** íslensku.
S2 / S3
'To her parents, **Mary speaks** Icelandic.'

Tilfallandi athugasemdir um enskulega S3-röð í vesturíslensku

Minnst á frávik frá báðum gerðum af S2, einkum í kjarnafærslusetningum (Haraldur Bessason 1984, Birna Arnbjörnsdóttir 2006, Elma Óladóttir 2013):

(11) a. [Í dag] ég **fer** heim.

(Haraldur Bess. 1984:5) S3B

b. Doris stundum **talar** íslensku.

(Birna A. 2006:110) S3A

c. Stundum ég **hugsa** um það

(Birna A. 2006:110) S3B

Skipuleg rannsókn á S3 í vesturíslensku: Birna, Höskuldur og Iris (2018)

Val á milli S2/S3 raða: Hluti af ítarlegri könnun

- Fyrsta aðferð: Dómar – gafst ekki vel
- Samhengissetningar + prófsetningar lesnar upphátt
- 28 setningar samtals (8 með kjarnafærslu og 20 með frumlagi í fyrsta sæti)
  - Mikill breytileiki í fjölda þeirra setninga sem þátttakendur heyrðu

Við erum búin að borða.

Núna við skulum fara í bíó
skulum við

Upptökur á sjálfsprottnu tali (Froska- og Perusögur) einnig til staðar en aðeins greindar að hluta til.

Niðurstöður – S3B í vesturíslensku (BHI 2018)

Val á milli kosta í einstökum dæmum:

		V2		V3		Total
		N	%	N	%	N
a.	Í gær **veiddi kötturinn/kötturinn veiddi** ... yesterday caught the cat/the cat caught	6	54.5%	5	45.5	11
b.	Á morgun **sjáum við/við sjáum** ... tomorrow see we/we see	21	60.0%	14	40.0%	35
c.	Næsta vetur **ætlar hún/hún ætlar** ... next winter intends she/she intends	8	47.1%	9	52.9%	17
d.	Manninn þarna **þekki ég/ég þekki** ... the man over there know I/I know	4	66.7%	2	33.3%	6
e.	[Eftir að Jóna ...] **hætti hún/hún hætti** ... after Jóna ... stopped she/she stopped	2	50.0%	2	50.0%	4
f.	Í gær **fór hann/hann fór** ... yesterday went he/he went	10	71.4%	4	28.6%	14
g.	Núna **vill hann/hann vill** ... now wants he/he wants	11	84.6%	2	14.4%	13
h.	Í kvöld **fer hún/hún fer** ... tonight goes she/she goes	9	64.3%	5	35.7%	14
	Total:	**71**	**62.3%**	**43**	**37.7%**	**114**

Table 5: Selection of V2 and V3 alternatives in Topicalization structures.

- S2-röðin var almennt vinsælli.

Niðurstöður – S3B í vesturíslensku (BHI 2018)

Nokkur dæmi úr viðtölum:

a.	hérna	**hann**	**er**	að ...	að ...	hjálpa	hundinn	upp		(male, 72)
	here	he	is	to	to	help	dog.DEF.ACC	up		
	'here he is helping the dog up'									
b.	stundum	**ég**	**er**	að hugsa	í	ensku				(male, 71)
	sometimes	I	am	to think	in	English				
	'sometimes I am thinking in English'									
c.	þá	**strákurinn**	**er**	á	ee ...	the head				(female, 88)
	then	boy.def	is	on						
	'then the boy is on the head'									
d.	líka	**ég**	**hefur**	gert	mikið	vinnu	með	ætta-	ættin	(female, 75)
	also	I	have	done	much	work	with	family.DEF		

Niðurstöður – S3A í vesturíslensku (BHI 2018)

Þrenns konar dæmi skoðuð:

		V2		V3		Total
		N	%	N	%	N
a.	Kristín **talar stundum/stundum talar** ... Kristin speaks sometimes/sometimes speaks ...	12	63.2%	7	36.8%	19
b.	Hún **fer oft/oft fer** til Íslands she goes often/often goes to Iceland	20	80.0%	5	20.0%	25
c.	Hann **vinnur alltaf/alltaf vinnur** ... he works always/always works	35	94.6%	2	5.4%	37
d.	Maðurinn **hefur sjaldan/sjaldan hefur** veitt ... man.DEF has seldom/seldom has caught ...	14	77.8%	4	22.2%	18
e.	Þórður **hefur aldrei/aldrei hefur** lesið ... Thordur has never/never has read ...	28	90.3%	3	9.7%	31
f.	Guðmundur **getur líklega/líklega getur** keyrt ... Gudmundur can probably/probably can drive ...	1	25%	3	75%	4
g.	Ég **vil bara/bara vil** vatn I want just/just want water	15	75.0%	5	25.0%	20
h.	Smiðurinn **kemur nefnilega/nefnilega kemur** ... carpenter.DEF comes namely/namely comes ...	10	71.4%	4	28.6%	14
i.	Hún **spilar líka/líka spilar** vel ... she plays also/also plays well ...	10	52.6%	9	47.4%	19
j.	Við **stoppum kannski/kannski stoppum** ... we stop perhaps/perhas stop	11	57.9%	8	42.1%	19
	Total:	**156**	**75.7%**	**50**	**24.3%**	**206**

Table 7: Selection of V2 and V3 alternatives in subject-initial main clauses.

- Talsvert færri sem velja S3-röðina hér.
- S3-röðin oftar valin ef atviksorðið er mögulegt S3-atviksorð.

Niðurstöður – S3A í vesturíslensku (BHI 2018)

Niðurstöðurnar úr prófinu ríma við það að hér var erfiðara að finna S3-dæmi í viðtölunum (1):

a.	hún	**aldrei sá**	mosquito			(male, 71)
	she	never saw	mosquito			
	'she never saw a mosquito'					
b.	ég	**líka**	**tók**	[...]	lexíur	á háskólanum (male, 25)
	I	also	took		lessons	on university.DEF
	'I also took lessons at the university'					
c.	hún	**kannski skildi**				það (female, 77)
	she	perhaps	understood			it
d.	hann	**kannski skilur**				eitthvað (female, 79)
	he	perhaps	understands			something

Ath. að atviksorðið í c og d og jafnvel b er S3-atviksorð.

S3 í heimaíslensku

- Kjarnafærslusetningar með S3 prófaðar í Sambýlisrannsókn Siggu og Eiríks
  - Stóra netkönnunin 2017-2018
- **1615 þátttakendur á aldrinum 13-98**: Kom á óvart að **27,5%** þátttakenda samþykktu S3 (*alveg eðlileg* og *frekar eðlileg*) → veik fylgni við kyn og menntun en engin fylgni við aldur
  - 126 komu í viðtal og frekari prófanir við Háskóla Íslands, 35 af þeim (28%) höfðu samþykkt S3 í netkönnuninni.
  - Samþykki á S3 í kjarnafærslusetningum **féll niður í 10,3% með fornafnsfrumlagi og 5,6% með fullburða NL**.
  - Hópurinn sem hafði samþykkt S3 (*N* = 35) lagði líka mat á upplesin dæmi um S3 með kjarnafærslu
    - Fornafnsfrumlag með (17,1%) og án (17,1%) tónfallshlés
    - **Fullburða NL með (17,1%) og án (8,6%) tónfallshlés**

Jákvætt mat á S3 í heimaíslensku

Netkönnun (*N* = 1615)

(12)	a. Í dag **hann ætlar** að fá sér ís.	31%
	b. Bráðum **hann þarf** að endurnýja áskriftina.	15%
	c. Stundum **hún fer** eftir vinnu.	30%
	d. Á fimmtudögum **hún fer** til sjúkraþjálfara.	34%

Viðtöl - dæmi lesin af blaði (*N* = 126)

(13)	a. Í dag **hann ætlar** að fá sér ís.	10,3%
	b. Í dag **Jón ætlar** að fá sér ís.	5,6%

Viðtöl - hlustun (*N* = 35, samþykktu S3 í netkönnun)

(14)	a. Í dag **hann ætlar** að fá sér ís.	17,1%
	b. Í dag, **hann ætlar** að fá sér ís.	17,1%
(15)	a. Í dag **Jón ætlar** að fá sér ís.	8,6%
	b. Í dag, **Jón ætlar** að fá sér ís.	17,1%

Túlkun niðurstaðna á S3 í heimaíslensku

- Þótt gera megi ráð fyrir að (óvænt) jákvætt mat á S3 í stóru netkönnuninni skýrist að hluta til af einhvers konar mislestri (sbr. dræmari undirtektir í frekari prófunum) eru vísbendingar um að í máli sumra sé farið að **losna um S2-hömluna** sem fram til þessa hefur verið talin mjög sterk í aðalsetningum með kjarnafærslu.
  - Áhrif tónfallshlés minnir á vinstrifærslu og "sviðssetningu" í skilningi Walkden (2017), og jákvæðara mat á S3-setningum með áhersluléttu fornafni er í samræmi við þekkt mynstur í germönskum borgarmállýskum (og einnig norsku barnamáli: Westergaard 2009 - ath. einnig þróun S3-raðar í aukasetningum með frumlagi í fyrsta sæti í norrænum málum).
  - Enn mjög markað og væntanlega ekki brennimerkt í íslensku málsamfélagi (verður líka að hafa í huga að gögnin eru byggð á dómum en ekki virkri málnotkun eða framköllun dæma).
- Breytileg staða persónubeygðrar sagnar í aðalsetningum í heimaíslensku kann að **varpa ljósi á S3-fyrirbæri** í germönskum málum almennt.

Meira um S3 í heimaíslensku

Írena Rut Jónsdóttir (2021) kannaði ýmsar gerðir S3A og S3B með dómaprófum á Netinu – einnig fékk hún nokkra málhafa sem tóku þátt í könnuninni í viðtal þar sem spurt var nánar út í dæmasetningarnar (úr útdrætti hennar – leturbreytingar okkar):

Mat þátttakenda á setningum með frumlagi í fyrsta sæti og sögn í þriðja sæti (S3) réðst m.a. af því hvers konar atviksorð stóð í öðru sæti. Þannig fengu „enskulegar“ setningar með *oft* og *líka* í öðru sæti betri dóma en e.t.v. hefði mátt búast við, sérstaklega ef samhengissetning fór á undan. Sum dæmi með mælandaafstöðuorðum eins og *bara*, *einmitt* og *líklega* fengu aftur á móti lakari dóma en við var búist enda hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir að sögn geti vel staðið í þriðja sæti í slíkum setningum.

S3-dæmi með kjarnafærslu fengu almennt betri dóma en enskulegar S3-setningar með frumlagi í fyrsta sæti. Best gekk röðin í dæmum með vissum kjarnafærðum atviksliðum og forsetningarliðum í fyrsta sæti en mun síður með kjarnafærðu andlagi. Líkt og í setningunum með frumlagi í fyrsta sæti fengu kjarnafærslusetningarnar betri undirtektir ef samhengissetning fór á undan.

Kannað var hvort munur væri á viðhorfi málhafa gagnvart S3-setningum eftir aldri. Þar kom í ljós að **yngri aldurshópurinn samþykkti frekar enskulegar S3-setningar þar sem frumlag var í fyrsta sæti heldur en sá eldri** [...] Eldri sem og yngri málhafar voru tiltölulega opnir fyrir því að hafa kjarnafærslu með sögn í þriðja sæti. |

Niðurstöður: S3A (ÍRJ 2021)

Valdar S3-setningar með frumlagi í fyrsta sæti (hlutfall þeirra sem mátu dæmin alveg eða frekar eðlileg):

	S3
(21) a. (Aron átti erfitt með að fara með trúarjátninguna).	
Hann **bara gat** ekki lært hana utan að.	83,55%
b. Við **kannski stoppum** á leiðinni heim.	38,99%
c. Smiðurinn **nefnilega kemur** á morgun.	27,85%
d. (Anna datt af hjólinu og meiddi sig í hnénu).	
Hún **augljóslega þurfti** að fá plástur.	23,41%
e. (Það eru allir að fara heim úr veislunni).	
Ég **líka ætla** að drífa mig.	12,58%
f. Ég **bara vil** vatn.	9,11%
g. Hún **líka spilar** vel á píanó.	6,96%
h. Guðmundur **líklega getur** keyrt.	3,17%

***Tafla 1**: S3 með frumlagi fremst og S2/S3-atviksorði í öðru sæti*

Fyrirfram mátti e.t.v. búast við að öll dæmin fyrir utan (21e) og (21g) fengju sæmilegar undirtektir en sum þeirra fá dræm viðbrögð. Hér gæti spilað inn í að þátttakendur áttu jafnframt að meta samsvarandi (og yfirleitt samhliða) setningar með S2.

Niðurstöður: S3A (ÍRJ 2021)

Valdar S3-setningar með frumlagi í fyrsta sæti og setningaratviksorði í öðru sæti.

	S3
(22) a. Hún **oft** **fer** til Bandaríkjanna.	10,13%
b. Freyja **alltaf** **hefur** unnið svo mikið um helgar.	4,43%
c. Hún **alltaf** **vinnur** um helgar.	2,53%
d. Kristín **stundum** **talar** á ráðstefnum.	1,89%

***Tafla 2**: S3 með frumlagi fremst og setningaratviksorði í öðru sæti*

Hér var ekki búist við góðum undirtektum og tölurnar eru almennt lágar. Engu að síður samþykktu ríflega 10% þátttakenda enskulega S3-röð í (22a).

Niðurstöður: S3B (ÍRJ 2021)

S3 í kjarnafærslusetningum:

	S3
(23) a. Á morgun **við skulum** fara að sjá einhverja skemmtilega mynd.	24,68%
b. Stundum **hún fer** eftir vinnu.	20,89
c. Núna **hann vill** ávexti.	18,99%
d. Í dag **hann ætlar** að fá sér ís.	15,82
e. Á fimmtudögum **hún fer** til sjúkraþjálfara.	15,46
f. Bráðum **hann þarf** að endurnýja áskriftina.	7,55
g. Venjulega **við förum** út á land á sumrin.	5,69%
h. Ef Siggi fréttir af þessu **hann verður** örugglega leiður.	5,66%
i. Í gær **kötturinn veiddi** mús.	5,03%
j. Næsta vetur **hún ætlar** til Kína.	4,4%
k. Manninn þarna **ég þekki**.	4,4%
l. Næsta vetur **Stefán ætlar** til Kína.	1,90%
m. Eftir að Jóna flutti til Bandaríkjanna, **hún hætti** að hafa samband.	1,27%

***Tafla 3**: S3 með kjarnafærslu*

5 af þessum 13 prófsetningum fengu meira en 15% samþykki. Í þeim dæmum sem fá bestu dómana er kjarnafærði liðurinn atvikslegur sviðsetningarliður og frumlagið áherslulétt fornafn. Það minnir einmitt á dæmigerðustu S3-setningarnar hjá Walkden (2017). 4 af þeim 6 setningum sem fengu besta dóma voru líka notaðar í Sambýlisrannsókninni en samþykkistölurnar eru talsvert lægri hér (einsleitari hópur sjálfboðaliða).

Barnauppeldi á Íslandi og í Noregi

Hugmynd Walkdens:

- Í germönskum borgum (Noregur, Svíþjóð, Holland, Þýskaland ...) fá börn á máltökuskeiði talsvert misvísandi upplýsingar um S2 (ófullkomið ílag) af því að þar er talsvert mikið af málnotendum af erlendum uppruna sem hafa ekki náð tökum á S2. Afleiðingin er vaxandi tíðni S3 í þessum mállýskum.

Spurning: Fá börn í S2-samfélögum annars alveg einsleitt S2-ílag?

- Nei, S2-hamlan lekur talsvert (sbr. inngang).
- Svo gerum við okkar besta til að rugla börnin.

Barnauppeldi ...

Kveðskaparfrávik, m.a. í barnagælum:

1. Dæmi sem minna á borgarmállýskudæmin:

(16) *Kjarnafærsludæmi með S3:*

a.	[Einu sinni] ég **átti** kú	(*Sönglögin okkar*, 15)
b .	[Einn dag] hann **var** á veiðum	(*Sönglögin okkar*, 17)
c.	[Sól og vor] eg **syng** um	(*Vísnabók*, 63)
d.	[Í dýragarð] ég **fer**, fer, fer	(*Sönglögin okkar*, 27)

(17) *Kjarnafærsludæmi með S3 í norsku:*

a.	moro vi **har** fra morgen til kveld!	(17. mai sang for de små)
b.	Tidt du **dansa** kringom meg	(Blåmann)
c.	[På piano] jeg **spiller**	(Jeg er en liten spillemann)
d.	[deilig melk] du **gir** til meg	(Kua mi jeg takker deg)

Barnauppeldi ...

2. S3-dæmi með frumlagi fremst:

(18) *S3 með frumlagi fremst:*

a.	Gutti aldrei **gegnir** þessu	(*Sönglögin okkar*, 39)
b.	[Hún amma mín] það **sagði** mér	(*Vísnabók*, 15)
c.	Folöldin þá **fara** á sprett	(*Vísnabók*, 41)
d.	[Lítill drengur] lúinn **er**	(*Vísnabók*, 67)

(19) *S3 með frumlagi fremst í norsku:*

a.	[Alle killebukkene] [på haugen] **sprang**	(Alle Killebukkene)
b.	[En liten kylling] [i egget] **lå**	(En liten kylling)
c.	Bønder [sine økser] **brynte**	(Ja, vi elsker dette landet)
d.	[Mors lille Ole] [i skogen] **gikk**	(Mors lille Ole)

Barnauppeldi ...

Sum dæmin eru ólíkari Walkden-dæmunum, t.d. með frumlagið á eftir sögninni:

(20)

S3 dæmi sem víkja meira frá óbundnu máli:

a. Smeykur [um holtin]
var hann að vaga (*Vísnabók*, 23)

b [Fyrr en dagur fagur rann] [freðið nefið]
dregur hann (*Vísnabók*, 43)

(21)

Svipuð S3 dæmi úr norsku:

a. [Med krøllet hale og nesevis] [i bingen]
springer en gris (Grisevisa)

b. [Nede på stasjonen] [tidlig en morgen]
står alle togene (Nede på stasjonen)

Barnauppeldi ...

Það má m.a.s. finna S4, S5, S6 ...

(22)

a. hátt nú allir **kveði** (= V4) (*Vísnabók*, 15)
b. Þar [á klettasyllu] [svarti krummi]
[sínum börnum] **liggur** hjá (= V5) (*Vísnabók*, 93)
c. Stundum [eins og hugur hraður]
hann [í tröll] sér **getur** breytt (= V6) (*Vísnabók*, 17)

(23)

a. Visst en engel] du **ser** (= V4) (Brahms vuggevise)
b. [Hver en dag] jeg [til mitt brød]
drikker melka di ... (= V4) (Kua mi jeg takker deg)
c. Pål [sine høner]
[på haugen] ut **sleppte** (= V5) (Pål sine høner)

Dregið saman

- S3 er nokkuð algengt í vesturíslensku, einkum í kjarnafærslusetningum.
- Þær S3-setningar sem fengu besta dóma í heimaíslensku minna svolítið á germönsku borgamállýskudæmin: atviksliðir fremst, svo frumlag sem er fornafn ("Wackernagel-sæti"?) en engin augljós tengsl við ensku. Rannsóknaraðferðin hafði nokkur áhrif.
- Sum kveðskapardæmin voru líka borgamállýskuleg en alls ekki öll – önnur væru býsna fráleit sem "óbundið mál".

Hvað segir þetta okkur?

- Það er gott að nota mismunandi aðferðir við efnissöfnun þegar verið er að rannsaka tilbrigði.
- Börn eru klók: geta snemma tileinkað sér S2 þótt heimildir séu býsna flóknar (kjarnafærsla), þótt hamlan "leki" og þótt haldið sé að þeim alls konar "málleysum" í barnagælum.
- Frávikin, og þá sérstaklega kveðskapardæmin, benda kannski til þess að S2-hamlan sé tiltölulega yfirborðslegt fyrirbæri, ólíkt ýmsu sem varðar "morfósyntax" (fallmörkun, samræmi ...).
- Kannski á þetta við um fleira sem tengist orðaröð, sbr. "eftirsetningar" í kveðskap.

Ritaskrá

Ásgrímur Angantýsson. 2020. The distribution of embedded Verb Second and Verb Third in Modern Icelandic. Rebecca Woods & Sam Wolfe (ritstj.): *Rethinking Verb Second*, 240–264. Oxford University Press, Oxford.

den Besten, Hans. 1983. On the interaction of root transformations and lexical deletive rules. Werner Abraham (ritstj.): *On the Formal Nature of Westgermania*, 47–131. [Upphafleg gerð frá 1977.]

Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic. The Life of a Language*. Winnipeg: University of Manitoba Press.

Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson & Iris Edda Nowenstein. 2018. V2 and V3 orders in North-American Icelandic. *Journal of Language Contact* 11(3):379–412.

Brandtler, Johan, & David Håkansson. 2017. V2 eller V3? Om preverbal placering av adverbial i svenskan. *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 35: 11–26.

Diderichsen, Paul. 1946. *Elementær dansk grammatik*. Gyldendal, Copenhagen.

Diderichsen, Paul. 1966. Logische und topische Gliederung des germanischen Satzes. Paul Diderichsen: *Helhed og struktur. Udvalgte sprogvidenskabelige afhandlinger*, 52–63. G. E. C. Gads Forlag, Copenhagen.

Eide, Kristine Melum, & Arnstein Hjelde. 2015. Verb second and finiteness morphology in Norwegian heritage language of the American Midwest. B. Richard Page & Michael T. Putnam (ritstj.): *Moribund Germanic Heritage Languages in North America. Theoretical Perspectives and Empirical Findings*, 64–101. Brill, Leiden.

Elma Óladóttir. 2013. *Daisy stundum talar íslensku. Sagnfærsla í vesturíslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Ritaskrá

Freywald, Ulrike, Leonie Cornips, Natalia Ganuza, Ingvild Nistov & Toril Opsahl. 2015. Beyond verb second—A matter of novel information-structural effects? Evidence from German, Swedish, Norwegian and Dutch. Jacomine Nortier & Bente A. Svendsen (ritstj.): *Language, Youth and Identity in the 21st Century: Linguistic Practices across Urban Spaces*, 73–92. Cambridge University Press, Cambridge.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1986. Verb post-second in a V2 language. Östen Dahl & Anders Holmberg (ritstj.): *Scandinavian Syntax*, pp. 138–149. Institute of Linguistics, University of Stockholm, Stockholm.

Haraldur Bessason. 1984. Hún fór út með bojfrendinu sínu. *Lesbók Morgunblaðsins*. 23. júní, bls. 11–13.

Holmberg, Anders. 2015. Verb second. Tibor Kiss & Artemis Alexiadou (eds.): *Syntax — Theory and Analysis. An International Handbook I*, 242–283. Mouton de Gruyter, Berlin.

Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York. [Líka dreift af Routledge 2016 og til á vefnum: *https://www.taylorfrancis.com/books/mono/10.4323/9781315852423/complementation-icelandic-hoskuldur-thrainsson*.]

Ritaskrá

Höskuldur Þráinsson. 1986. V1, V2 and V3 in Icelandic. Hubert Haider & Martin Prinzhorn (ritstj.): *Verb-Second Phenomena in Germanic Languages*, 169–194. Foris, Dordrecht.

Írena Rut Jónsdóttir. 2021. *Enskuleg orðaröð í íslensku. Hún líka spilar vel á píanó*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Julien, Marit. 2018. Om preverbale adverbialer. *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 36:161–178.

Koster, Jan. 1975. Dutch as an SOV language. *Linguistic Analysis* 1:111–136.

Kühl, Karoline, & Jan Heegård Petersen. 2018. Word order in American Danish declaratives with a non-subject initial constituent. *Journal of Language Contact* 11:413-440.

Larsson, Ida, & Janne Bondi Johannessen. 2015. Incomplete acquisition and verb placement in heritage Scandinavian. B. Richard Page & Michael T. Putnam (ritstj.): *Moribund Germanic Heritage Languages in North America. Theoretical Perspectives and Empirical Findings*, 153–189. Brill, Leiden.

Ritaskrá

Lundquist, Björn. 2018. Mer om de preverbala adverbialens syntax, semantik och prosodi. *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 36:179–195.

Maling, Joan, & Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. The 'new impersonal' construction in Icelandic. *Journal of Comparative Germanic Linguistics 5*: 97–142.

Rizzi, Luigi. 1997. The fine structure of the left periphery. Liliane Haegeman (ritstj.): *Elements of Grammar. Handbook in Generative Syntax*, pp. 281–337. Kluwer, Dordrecht.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Í *Setningar – Handbók um setningafræði, bls.* 636–655.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla*, DOI: https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.29.

Walkden, George. 2017. Language contact and V3 in Germanic varieties new and old. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 20:49–81.

Westergaard, Marit. 2009. *The Acquisition of Word Order: Micro-cues, Information Structure, and Economy*. John Benjamins, Amsterdam.

Zaenen, Annie. 1980. *Extraction Rules in Icelandic*. Doktorsritgerð, Harvard University, Cambridge, MA. [Útg. hjá Garland, New York, 1985.]